



Alþingi  
Nefndasvið  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. október 2009  
Tilvísun: 200910-0019

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11 mál.**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11 mál.

Nýafstaðinn ársfundur ASÍ ályktaði um efnahags-, kjara- og atvinnumál þar sem m.a. var fjallað um ákvörðun umhverfisráðherra varðandi Suðvesturlínu og fleiri þætti sem áhrif geta haft á ákvarðanir um fjárfestingar og nýsköpun. Í ályktun ársfundarins um atvinnumál segir m.a:

*„Með Stöðugleikasáttmálanum skuldbundu stjórnvöld sig til að greiða götu þegar ákveðinna stórfamkvæmda s.s. álveranna í Straumsvík og í Helguvík. Með aðgerðum sínum á síðustu vikum hafa stjórnvöld hins vegar sett þessar framkvæmdir í uppnám. Slík framganga er óþolandi og er þess krafist að þau standi nú þegar við sitt.“*

Í ályktun fundarins um efnahags- og kjaramál segir m.a:

*„Ársfundurinn krefst þess að ríkisstjórnin beiti sér af fullum þunga fyrir framgangi [Stöðugleika]sáttmálans og standi við gefin fyrirheit. Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með vanefndir ríkisstjórnarinnar og telur það með öllu óásættanlegt að ráðherrar ríkisstjórnarinnar fari gegn sáttmálanum eins og umhverfisráðherra gerði með nýlegri ákvörðun sinni um Suðvestur-línu og komi þannig fjárfestingum og nýsköpun í frekara uppnám.“*


Alþýðusamband Íslands tekur því undir efni tillögunnar og mælir með samþykkt hennar.

F.h. Alþýðusambands Íslands

*Ólafur Darri Andrason*

Ólafur Darri Andrason

Hagfræðingur ASÍ



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
Skipulags- og byggingarsvið

**Alþingi**  
**Erindi nr. P P / 138/63**  
**komudagur 4.11.2009**

Dagsetning  
10.08.2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8–10  
101 Reykjavík

Eftirfarandi mál var til umfjöllunar á fundi Skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar 03.11.2009 og var afgreiðsla þess sem hér segir:

**11 0812022 - Suðvesturlínur, raforkuflutningskerfi**


Lagt fram bréf nefndasviðs Alþingis dags. 22.10.2009 þar sem vísað er til umsagnar tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

*Skipulags- og byggingarráð samþykkir að fela sviðsstjóra skipulags- og byggingarsviðs að senda nefndarsviði Alþingis afrit af umsögn um Suðvesturlínu, sem send var Skipulagsstofnun í október sl.*

Umrætt afrit af umsögn til Skipulagsstofnunar fylgir hér með.

Virðingarfyllst,

Dr. Bjarki Jóhannesson  
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,  
sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**Skipulags- og byggingarsvið**

---

Dagsetning  
10.08.2009

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

**Umsögn um sameiginlegt mat fyrir Suðvesturlínur**

Hafnarfjarðarbæ hefur borist til umsagnar erindi Skipulagsstofnunar “Sameiginlegt mat styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, SV lína og orkuvera”, bréf dagsett 06.10.2009.

Meðfylgjandi er umsögn Hafnarfjarðarbæjar, sem samþykkt var í skipulags- og byggingarráði 20.10.2009.

Hvað Hafnarfjörð varðar er endurnýjun og breyting á staðsetningu raflína nauðsynleg aðgerð hvort sem kemur til nýrra notenda raforku og nýrra virkjana eða ekki. Algjör nauðsyn er að fjarlægja Hamraneslínur innan lands Hafnarfjarðar og minnka vægi spennuvirkisins við Hamranes sem allra fyrst. Raflínurnar og spennivirkið eru þétt upp við íbúðarbyggð á Völlum og Hamranesi, auk þess að vera í byggingarsvæði væntanlegra skóla og leikskóla á Hamranessvæði. Sama gildir um Suðurnesjalínu, sem gengur þvert yfir skipulagt akstursæfingasvæði, og Búrfellslínu 3, sem er innan væntanlegs íbúðarsvæðis í síðari áföngum Hamranessvæðis.

Sé litið til hugsanlegrar aukningar á raforkuþörf Hafnarfjarðar, er þar tvennt til skoðunar, en ekkert fast í hendi. Álverið í Straumsvík hefur áform um aukna framleiðslu innan núverandi byggingarsvæðis, og hefur mat þeirrar stækkunar þegar farið fram. Tvennir aðilar hafa lýst áhuga á að reisa gagnaver í Hellnahrauni og Kapelluhrauni. Enn er það þó of skammt á veg komið til að kalla á mat á umhverfisáhrifum. Þótt hér sé bent á nauðsyn þess að breyta flutningskerfinu, er því ekki hægt að segja til um það á þessari stundu hvort hugsanleg breyting á raforkuþörf í Hafnarfirði kallar á jafn umfangsmiklar raflínur og tillaga Landsnets gerir ráð fyrir. Hvað varðar virkjanir innan lands Hafnarfjarðar er enn sem komið er aðeins um að ræða tilraunaboranir í Krýsuvík, og er alls óvíst um niðurstöður þeirra rannsókna.

**Niðurstaða:**

Hvað varðar endurnýjun og breytingu á staðsetningu raflína innan lands Hafnarfjarðar má því segja að það sé nauðsynleg aðgerð, óháð virkjunum eða notendum raforkunnar, og er sameiginlegt mat því ekki nauðsynlegt á þessu stigi hvað hagsmuni Hafnarfjarðar varðar.

-----  
*Dr. Bjarki Jóhannesson*  
*Skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðar,*  
*sviðsstjóri skipulags- og byggingarsviðs*

19.11.2009

Alþingi  
Erindi nr. P 138/232  
komudagur 23.11.2009

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn Norðuráls vegna tillögu til þingsályktunar um afurköllun á ákvörðun umhverfisráðherra á Suðvesturlínu, 11. mál

Norðurál Helguvík ehf. hefur falið mér að setja fram eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar til háttvirtrar umhverfisnefndar Alþingis vegna ákvörðunar umhverfisráðherra frá 29. september um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars 2009 um að ekki skyldi fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Suðvesturlínu, styrking raforkukerfis á Suðvesturlandi og annarra framkvæmda sem tengjast álveri í Helguvík. Beðist er velvirðingar á því hversu seint umsögn þessi er að berast háttvirtri þingnefnd, en umbjóðandi minn þakkar að fá tækifæri til þess að tjá sig um málið.

Hinn 17. september síðastliðinn, gaf Skipulagsstofnun út álit á mati á umhverfisáhrifum Suðvesturílna, þar sem fram kemur að matsskýrsla framkvæmdaaðila uppfylli skilyrði laga. Þvert ofan í úrskurð þennan kveður umhverfisráðherra upp úrskurð þar sem ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars er felld úr gildi og málinu vísað til stofnunarinnar á ný til efnislegrar meðferðar. Þrátt fyrir að Skipulagsstofnun hafi hinn 30. október s.l. á nýjan leik tekið ákvörðun sem er efnislega hin sama telur Norðurál Helguvík að ákvörðun ráðherra standist ekki lög og beindi því m.a. bréflaga til hæstvirts ráðherra að ákvörðunin yrði afturkölluð með vísan til 25. gr. stjórnsýslulaga. Norðurál Helguvík ehf telur að ákvörðunin sé haldin form- og efnisannmörkum sem leiði til ógildingar hans.

Í fyrsta lagi er um að ræða valdþurrð hjá ráðherranum á þeirri forsendu að heimildarákvæðinu í 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum verður ekki beitt með þeim hætti sem gert var.

Þá var úrskurðarfrestur í öðru lagi liðinn. Samkvæmt 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er ráðherra skylt að kveða upp úrskurð í kærumáli sem varðar ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 5. gr., tveimur mánuðum frá því að kærufrestur rann út. Samkvæmt ofangreindu rann frestur ráðherra til að úrskurða í málinu því út þann 25. júní síðastliðinn. Allt að einu úrskurðaði ráðherra í málinu þann 29. september síðastliðinn, rúmum þremur mánuðum eftir að lögbundinn úrskurðarfrestur var útrunninn. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli háttvirtra nefndarmanna á álitum Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5376/2008 þar sem Umboðsmaður átalði umhverfisráðuneytið fyrir hafa ekki afgreitt hliðstætt mál innan þessa lögboðna frests.

Þá er þess að geta í þriðja lagi að umbjóðanda mínum var hvorki játuð aðild né veittar upplýsingar um meðferð málsins. Um leið og kærur Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands, þess efnis að beita skuli 2. mgr. 5. gr. um framkvæmdina Suðvesturlínu og tengja hana þar með við framkvæmdir vegna álvers í Helguvík, bærust umhverfisráðuneytinu, vaknaði ótvíræð aðild Norðuráls að málinu vegna þeirra ríku lögvörðu hagsmuna sem Norðurál hafði af úrlausn málsins. Norðurál hefur ekki verið gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna við málsmeðferð umhverfisráðuneytisins vegna Suðvesturlínu. Með því að skirrast við að tilkynna Norðuráli, sem með réttu hefði átt að vera aðili málsins, hefur umhverfisráðuneytið farið á svig við 14. gr. stjórnsýslulaga þar sem kveðið er á um tilkynningaskyldu stjórnvalds um meðferð máls.



Tafirnar sem úrskurður ráðherra kann að valda hafa víðtækar og neikvæðar afleiðingar á framkvæmdirnar í Helguvík og ef úrskurðurinn verður ekki afturkallaður mun það aðeins valda frekari óvissu, töfum á framkvæmdum og auka líkurnar á því að Norðurál verði fyrir verulegu fjárhagslegu tjóni.

Náttúrverndarsamtök Íslands og Landvernd hafa boðað að þau muni á nýjan leik kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. október til umhverfisráðherra. Í því sambandi má vísa til þess að í ofangreindu áliti Umboðsmanns að í því máli sem þar var til umfjöllunar hafi ráðuneytið ekki, í ljósi málshraðareglunnar, metið hvort það væri raunveruleg þörf að leita umsagnar hjá aðilum sem þegar væri búið að leita umsagnar hjá. Því ætti ráðherra ekki að þurfa langan tíma til þess að staðfesta ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Kveðja

Árni Vilhjálmsson hrl.

**LOGOS**



Alþingi  
Erindi nr. P 138/40  
komudagur 2.11.2009



ORKUSTOFNUN

Grænásavegur 9  
108 REYKJAVÍK  
os@os.is

Sími - 588 8000  
Fax - 588 8886  
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 02. nóvember 2009  
Tílvísun: 2009100009  
Bréfalykill: 50.11  
Verknúmer: 1227000

**Efni: Umsögn Orkustofnunar um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.**

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. október 2009, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Orkustofnun hefur kynnt sér framangreinda tillögu til þingsályktunar. Orkustofnun tekur hins vegar ekki afstöðu til stjórnsýslulegrar meðferðar ákvörðunar umhverfismálaráðherra um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmda vegna Suðvesturlínu og öðrum tengdum áhrifum.

Hvað varðar almennt áhrif umræddrar ákvörðunar umhverfisráðherra á verklag Orkustofnunar vísast til meðfylgjandi umsagnar stofnunarinnar til Skipulagsstofnunar.

Orkustofnun tekur að öðru leyti ekki afstöðu til tillögunnar.

  
Lárus Ólafsson

**Fylgiskjöl:**

Erindi Orkustofnunar til Skipulagsstofnunar, dags. 22. október 2009.





Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. október 2009  
Tilvísun: 2009010058  
Bréfalykill: 22.2

### Efni: Afstaða Orkustofnunar til sameiginlegs mats á umhverfisáhrifum virkjana og lína á Suðvesturlandi

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar frá 6. október sl. þar sem óskað er eftir afstöðu Orkustofnunar til þess hvort meta eigi sameiginlega matsskyldar virkjanir sem HS Orka hf og Orkuveita Reykjavíkur vísa til á Reykjanesskaga, með umhverfisáhrifum SV-lína.

Eftir framsal iðnaðarráðherra á leyfisveitingum, annars vegar vegna virkjana og hins vegar vegna byggingu og reksturs nýrra flutningsvirkja, til Orkustofnar fer stofnunin með fyrrgreindar leyfisveitingar í samræmi við 4. og 9. gr. raforkulaga 65/2003. Orkustofnun telur að sameiginlegt umhverfismat á flutningsvirkjum, virkjunum og orkunotendum breyti í engu verklagi stofnunarinnar við útgáfu ofangreindra leyfa m.v. núverandi lög.


Skv. öðrum málslíð 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er kveðið á um heimild, en ekki skyldu, Skipulagsstofnunar til að úrskurða að umhverfisáhrif verði metin sameiginlega og þá að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdar aðila og leyfisveitendur [1] þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri.

Orkustofnun telur ljóst að við hugmyndir Landsnets, um styrkingu flutningskerfisins á Suðvesturlandi, taki mið af öðrum fyrirhuguðum framkvæmdum á svæðinu svo sem byggingu álvers í Helguvík, gagnavers á Keflavíkurlugvelli og fyrirhugaðra virkjana á háhitasvæðum á Reykjanesi og Hellisheiðar- og Hengilssvæðinu, og að sama skapi verði hvorki ráðist í gerð álvers eða nýrra virkjana á Reykjanesi án þess að til styrkingar flutningskerfisins komi og því séu skilyrði fyrir notkun ofangreindrar heimildar Skipulagsstofnunar til staðar.

Orkustofnun vekur þó athygli á því að þrátt fyrir að engin ofantalinna framkvæmda yrði að veruleika væri samt sem áður brýnt að ráðast í styrkingu flutningskerfisins frá Hamranesi að virkjunum og notendum á Reykjanesi, en sú tenging er í dag álagsþyngsta geislatenging í raforkukerfinu, og verður sú langálagsþyngsta þegar lokið hefur verið við yfirstandi tvöföldun tengingar við Nesjavallavirkjun. Núverandi lína er fullestuð á kafla, með háum töpum, álagi á búnaði, aukinni bilanahættu og hættu á skyndilegum aflskorti í raforkukerfinu við rof á núverandi línu. Landsneti ber hins vegar skv. 1. mgr. 9. gr. raforkulaga 65/2003 að *byggyja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku*. Þeirrar hagkvæmni og skilvirkni verður auðvitað ekki gætt ef fyrirtækið kys að horfa ekki til fyrirhugaðra framkvæmda annarra aðila í hönnunarforsendum sínum, sem myndu þá kalla á nýjar og breyttar forsendur og kostnaðarsamar endurbætur

Orkustofnun hefur því talið að Landsneti beri að taka tillit fyrirhugaðrar og fyrirsjáanlegrar þróunar í raforkukerfinu, á þann hátt að geta á hagkvæman hátt tengt nýja viðskiptavini við flutningskerfið, við hönnun nýrra flutningsvirkja. Hins vegar sé það í besta falli varasamt að samtviðna allar framkvæmdir Landsnets svo við allar hugsanlegar breytingar að hvergi megi hefja framkvæmdir fyrr en mat á umhverfisáhrifum allra mögulegra orkuframleiðenda eða orkunotenda, sem umtalsvert gagn kunna að hafa af áður nefndri styrkingu á svæðinu, liggi fyrir.

Virðingarfyllst

  
Haukur Eggertsson  
verkfræðingur

  
Lorus Olafsson  
lögfræðingur

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/41*  
*komudagur 2.11.2009*



Reykjavík, 29.10.2009

Umhverfisnefnd Alþingis,  
Nefndasvið,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.**

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. október 2009, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Orkuveita Reykjavíkur tekur undir niðurstöðu og rökstuðning ákvörðunar Skipulagsstofnunar frá 25. mars 2009, um að framkvæmdin Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi skuli ekki metin með öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík. Ákvörðun Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 er byggð á því hversu óljóst er hvaða framkvæmdir munu tengjast raforkuöflun og orkuflutningi vegna álvers í Helguvík og hversu mislangt á veg þær framkvæmdir eru komnar í undirbúningi. Það myndi því að mati Skipulagsstofnunar stangast á við meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga að gera Landsneti að biða eftir því að farið yrði af stað með mat á umhverfisáhrifum nýrra virkjanakosta.

Orkuveita Reykjavíkur bendir á að nú þegar hefur farið fram mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem tengjast fyrstu áföngum álvers í Helguvík. Mati á umhverfisáhrifum vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar og Hverahlíðavirkjun er lokið, einnig umhverfismati vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar og loks umhverfismati SV-línu. Að stofna til nýs sameiginlegs mats þessara framkvæmda og annarra sem hugsanlega geta tengst seinni áföngum álversins í Helguvík eða annarri uppbyggingu iðnaðar á Suðurnesjum leiðir til ófyrirséðrar seinkunar SV-línu. Orkuveita Reykjavíkur hefur undirgengist miklar skuldbindingar á síðustu árum þar sem SV-línan hefur verið ein forsendna þeirra áætlaða. Seinkun SV-línu getur komið í veg fyrir að Orkuveita Reykjavíkur geti staðið við þessar skuldbindingar með ófyrirséðum afleiðingum fyrir fjárhag fyrirtækisins og eigenda þess; Reykjavíkurborg, Akraneskaupstað og Borgarbyggð.

Orkuveita Reykjavíkur hefur samið um orkusölu til álversins í Helguvík og þegar orðið fyrir verulegum kostnaði vegna seinkunar framkvæmda sem rekja má til áfalla í íslensku efnahagslífi. Frekari tafir munu setja áform og áætlanir fyrirtækisins í uppnám.

Orkuveita Reykjavíkur og HS Orka (áður Hitaveita Suðurnesja) hafa gert sameiginlegan orkusölusamning við Norðurál á Grundartanga og eru samábyrg fyrir afhendingu á orku til álversins þar. Afhendingaröryggi raforku til og frá Suðurnesjum er óásættanlegt og eru Suðurnes stærsta einstaka einingin í flutningskerfinu sem tengd er með einni línu. Það er



Því mjög brýnt að ekki verðu frekari tafir á framkvæmdum við Suðvesturlínur svo bætt verði úr afhendingaröryggi orku til og frá Suðurnesjum. Því tekur Orkuveita Reykjavíkur undir efni tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, which reads "Hjörleifur B. Kvaran". The signature is written in a cursive, flowing style.

Hjörleifur B. Kvaran,  
forstjóri

*Meðfylgjandi er umsögn Orkuveitu Reykjavíkur til Skipulagsstofnunar, um sameiginlegt mat styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, SV-lína og orkuvera, dags. 20. október 2009.*

Reykjavík, 20.10.2009

Skipulagsstofnun,  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegur 166  
150 Reykjavík

### **Efni: Sameiginlegt mat styrkingar raforkukerfisins á Suðvesturlandi, SV-lína og orkuvera**

Orkuveita Reykjavíkur hefur ítrekað fjallað um hvort meta beri saman umhverfisáhrif framkvæmda sem tengjast virkjanaáformum fyrirtækisins, ýmist í matsskýrslum vegna virkjananna sjálfra eða vegna kæra til umhverfisráðuneytisins á ákvörðunum Skipulagsstofnunar um að sameiginlegt mat sé ekki nauðsynlegt.

Rekja má upphaf málsins til álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna álvers í Helgúvík, allt að 250.000 tonna ársframleiðslu frá 4. október 2007, en Landvernd kærði til umhverfisráðuneytisins þá ákvörðun (sem talin var felast í áður nefndu áliti) dags. 11. október 2007, að ekki skyldi hafa farið fram sameiginlegt mat á öllum tengdum framkvæmdum. Orkuveita Reykjavíkur veitti ráðuneytinu umsögn sína með bréfi dags. 18. janúar 2008. Niðurstaða umhverfisráðuneytisins dags. 3. apríl 2008, var á þá leið að staðfesta ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Í skýrslum Orkuveitu Reykjavíkur um mat á umhverfisáhrifum vegna Hverahlíðarvirkjunar og Bitruvirkjunar var umsögnum og athugasemdum einstaklinga og félagasamtaka um sameiginlegt mat svarað á ítarlegan hátt. Sjá má umfjöllun fyrirtækisins í matsskýrslum vegna framkvæmdanna á vefsíðunni: <http://www.or.is/Umhverfiogfraedsla/Umhverfismal/Matsskyrslur/>

Að lokum fjallaði Orkuveita Reykjavíkur um málið 22. maí 2009 er það sendi Umhverfisráðuneytinu umsögn sína vegna kæra frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og Landvernd á ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 29. mars 2009 um að framkvæmdin Suðvesturlínur skuli ekki metin með öðrum tengdum framkvæmdum.

Afstaða Orkuveitu Reykjavíkur hefur ekki breyst frá því fyrst var um málið fjallað og er fyrirtækið enn þeirrar skoðunar að ekki sé þörf á að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Suðvesturlínur og tengdra framkvæmda.

#### **Greinargerð:**

Orkuveita Reykjavíkur hefur orkusölusamning við Norðurál Helgúvík og samkvæmt honum er gert ráð fyrir að samtals 175 MW verði seld til álversins í Helgúvík. Virkjanaáform Orkuveitu Reykjavíkur gera ráð fyrir því að virkjuð verði allt að 225 MW í fimm 45 MW einingum frá 2011 til 2013. Tvær einingar verða í stækkaðri Hellisheiðarvirkjun, tvær í væntanlegri Hverahlíðarvirkjun og ein er áformuð tengd jarðhitasvæði á Gráuhnúkum. Mati á umhverfisáhrifum er lokið vegna stækkunar Hellisheiðarvirkjunar og vegna Hverahlíðarvirkjunar. Unnið er að matsskýrslu vegna virkjunar á Gráuhnúkum, en endanleg matsáætlun hefur legið fyrir frá 18.maí 2009.

Einnig er í samningi Norðuráls Helguvíkur og Orkuveitu Reykjavíkur viljayfirlýsing um að aðilar setjist að samningum um frekari orkusölu til álversins í Helguvík sem næmi 75 MW. Hvorki liggur fyrir hvort eða hvenær slíkar viðræður fari fram né hvaða virkjanakostir væru þá í myndinni.


Eftir því sem næst verður komist eru áform Norðuráls Helguvíkur í þá veru að byggja álverið upp í áföngum á nokkrum árum. Það gerir það að verkum að virkjanakostir sem komi til álita við seinni áfanga álversins eru ekki komnir langt í undirbúningi og þar af leiðandi ekki tækir til umhverfismats. Krafan um mat á umhverfisáhrifum tengdra framkvæmda mun því fresta framkvæmdum enn frekar en orðið er með tilheyrandi kostnaði allra aðila, þ.m.t. Orkuveitu Reykjavíkur sem lagt hefur mikið fé í virkjanaframkvæmdir.

Orkuveita Reykjavíkur hefur lokið mati á umhverfisáhrifum vegna þeirra virkjana sinna sem tengjast munu álverinu í Helguvík, utan virkjunar á Gráuhnúkum eins og áður segir. Að meta umhverfisáhrif virkjananna aftur og þá heildstætt með öðrum framkvæmdum er tvíverknaður og þjónar einungis þeim tilgangi að auka óreiðu og óvissu við undirbúning framkvæmdanna. Krafa um endurtekningu mats á umhverfisáhrifum væri einnig ólöglegt að mati fyrirtækisins og fellur ekki innan heimildar 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Hluti orkunnar sem Orkuveita Reykjavíkur áætla að framleiða fer til annarra viðskiptavina og markaða. Sú staða gæti því komið upp að meta þurfi umhverfisáhrif virkjunar vegna tveggja eða fleiri verkefna sem hvort um sig gæti þurft að vera metið með öðrum framkvæmdum, með tilheyrandi flækjustigum.

Orkuveita Reykjavíkur og HS-Orka (áður Hitaveita Suðurnesja) hafa sameiginlegan orkusölusamning til Norðuráls á Grundartanga og eru samábyrg fyrir afhendingu á orku til álversins þar. Afhendingaröryggi raforku til og frá Suðurnesjum er óásættanlegt og er stærsta einstaka einingin í flutningskerfinu sem tengd er með einni línu. Það er því mjög brýnt að ekki verði frekari tafir á framkvæmdum við Suðvesturlínur svo bætt verði úr afhendingaröryggi orku til og frá Suðurnesjum.

Að lokum þá er það skoðun Orkuveitu Reykjavíkur, með vísan til meðalhöfsreglu 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, að engar forsendur séu til beitingar heimildarákvæðis 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Virðingarfyllst,



Jakob S. Friðriksson,  
framkvæmdastjóri framleiðslu og sölu

*Meðfylgjandi: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur vegna kæru Landverndar dags. 18.01.2008*

Alþingi  
Erindi nr. P 138/42  
komudagur 2.11.138/42

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2009/ls

**Efni: Umsögn RARIK ohf., um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.**

Fyrir hönd RARIK eru gerðar eftirfarandi athugasemdir í tilefni framangreindrar þingsályktunartillögu:

**I. Ákvæði 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000, er heimildarákvæði**

Umrætt ákvæði kom inn í lögin með ákvæði 5. gr. laga nr. 74/2005. Með því er Skipulagsstofnun falin *heimild*, að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, til þess að mæla svo fyrir, þegar um er að ræða fleiri en eina matsskylda framkvæmd sem fyrirhugaðar eru á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri, að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega. Ákvæðið er matskennt heimildarákvæði, en felur *ekki* í sér skyldu Skipulagsstofnunar til þess að láta fara fram sameiginlegt umhverfismat, og ber henni við mat á því einkum að horfa til lögfestra og ólögfestra ákvæða stjórnsluréttarins, einkum ákvæða er varða meðalhóf og jafnræði. Hefur Skipulagsstofnun lagt fram gild og veigamikil rök fyrir þeirri ákvörðun sinni, að láta *ekki* fara fram slíkt sameiginlegt mat, sbr. m.a. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 30. október sl.

**II. Um úrskurðarvald ráðherra vegna 2. mgr. 5. gr. laganna**

Umræddur úrskurður umhverfisráðherra er kveðinn upp í tilefni tveggja kæra, þar sem kærð er sú ákvörðun Skipulagsstofnunar, að *ekki* skuli fara fram sameiginlegt umhverfismat á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laganna, sbr. að framan. Um kærheimild er þar vísað til 14. gr. laganna, en þar er þeim sem lögvarinna hagsmuna hafa að gæta, auk umhverfis- og hagsmunasamtökum sem varnarþing eiga hér á landi, veitt heimild til að skjóta tilgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra, þ.e. m.a. *ákvörðun* skv. 2. mgr. 5. gr. Í málinu liggur fyrir ákvörðun stofnunarinnar um að framkvæmdin Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningakerfis á Suðvesturlandi skuli *ekki* metin með öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík. Hin kærða ákvörðun Skipulagsstofnunar lýtur þar með að því, að *beita ekki heimild* sem stofnunni er veitt skv. 2. mgr. 5. gr. laganna. Af þessu má ráða, með vísan til framangreinds ákvæðis 1. mgr. 14. gr. laganna, að a.mk. verulegur vafi leiki á um vald ráðherra til að úrskurða um kærur sem lúta að því, að *ekki* hafi verið beitt heimild í 2.

mgr. 5. gr. Álftur RARIK með vísan til fyrrgreindra ákvæða, að einungis sé heimilt að kæra þær ákvarðanir Skipulagsstofnunar um að láta fara fram sameiginlegt mat á grundvelli 2. mgr. 5. gr., en feli hins vegar ekki í sér kærueimild í þeim tilvikum þegar Skipulagsstofnun ákveður að láta ekki fara fram slíkt sameiginlegt mat. Má í því sambandi einkum benda á, að umrætt ákvæði er heimildarákvæði, sbr. að framan, sem veitt er Skipulagsstofnun. Sé þeirri heimild ekki beitt, er vandséð hvaða hagsmuni einstakir aðilar, aðrir en viðkomandi framkvæmdaaðilar og leyfisveitendur, hafi af því að fá slíkri ákvörðun hnekk.

## II. Framkvæmdir verða að vera fyrirhugaðar

Skilyrði fyrir ákvörðun um að sameiginlegt umhverfismat verði látið fara fram skv. ákvæðinu, er að fleiri en ein *matsskyld* framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eða framkvæmdirnar séu háðar hver annari. Með öðrum orðum er hér átt við, að ekki nægi í því sambandi að framkvæmdir séu einungis á hugmyndastigi eða að vangaveltur séu uppi um að ráðast í slíkar framkvæmdir, heldur gerir ákvæði 2. mgr. 5. gr. ráð fyrir, að framkvæmdir séu ákveðnar eða ráðgerðar í samræmi við almennan skilning þess orðs, en ekki nægi í því sambandi óljósar fyrirætlanir í þá veru. Ber í þessu sambandi einkum að horfa til þess, að hinn 3. apríl 2008 kvað umhverfisráðherra upp úrskurð um að ekki skuli við mat á umhverfisáhrifum álvers í Helguvík með öðrum tengdum framkvæmdum. Þeim úrskurði hefur ekki verið hnekk og því ljóst að ekki er unnt að meta þá framkvæmd með Suðvesturlínunum, auk þess sem þær matsskyldu framkvæmdir sem til komu eftir uppkvaðningu þess úrskurðar hafa almennt hlotið lögbundna umfjöllun Skipulagsstofnunar eða teljast ekki til fyrirhugaðra framkvæmda í skilningi 2. mgr. 5. gr. laganna.

## III. Ákvæði stjórnáskilulaga, nr. 37/1993

Þá ber jafnframt að horfa til ákvæða stjórnáskiluréttarins við mat á því hvort fara skuli fram sameiginlegt umhverfismat á grundvelli 2. mgr. 5. gr. laganna, jafnt skráðra sem óskráðra. Þannig ber stjórnvaldi við mat á þessu einkum að hafa hliðsjón af sjónarmiðum um meðalhóf og jafnræði. Á slíkt einkum við þegar ákvörðun er tekin á grundvelli slíks matskennds heimildarákvæðis. Stjórnvaldi er því ekki heimilt að taka íþyngjandi ákvörðun á slíkum grundvelli nema fullljóst sé, að hinu lögmæta markmiði sem að er stefnt, sbr. einkum 1. gr. laganna, verði ekki náð með öðrum hætti. Ekki verður með neinu móti séð, að sú ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars sl., um að ekki skuli láta fara fram sameiginlegt umhverfismat, sbr. að framan, feli í sér að þeim markmiðum verði ekki náð, auk þess sem sérstaklega verður að gæta að slíkum sjónarmiðum þar sem ákvörðun um frestun á afgreiðslu erindisins með þessum hætti telst verulega íþyngjandi fyrir framkvæmdaraðila og aðra sem hagsmuna hafa að gæta að umræddri framkvæmd. Er í því sambandi tekið undir þau sjónarmið sem sett eru fram að þessu leyti í fyrrgreindri ákvörðun Skipulagsstofnunar, sbr. og ákvörðun hennar frá 30. október sl.

## IV. Úrskurður umhverfisráðuneytisins

Í 4. mgr. 14. gr. laganna kemur fram, að úrskurður í kærumáli er varðar mat á umhverfisáhrifum skuli kveðinn upp innan *tveggja* mánaða frá því að kærufrestur rann út, en kærufrestur er einn mánuður frá því að úrskurður Skipulagsstofnunar er kveðinn upp, sbr. 1. mgr. 14. gr. Hinn 25. mars sl. kvað Skipulagsstofnun upp umræddan úrskurð í málinu, og



rann því frestur ráðuneytisins til að úrskurða í málinu þann 25. júní sl. Ráðuneytið kvað hins vegar ekki upp úrskurð sinn fyrr en rúmum þremur mánuðum síðar, eða hinn 29. september sl., í algjerri andstöðu við fyrrgreint ákvæði 4. mgr. 14. gr. lagann, sbr. meginreglur stjórnsýsluréttarins um málsmeðferð í kærumálum.

#### **V. Annað**

Að öðru leyti en að framan greinir er af hálfu RARIK tekið undir þau sjónarmið sem reifuð eru í fyrrgreindum ákvörðunum Skipulagsstofnunar, þ.e. annars vegar ákvörðun dags. 25. mars sl. og hins vegar dags. 30. október sl. Sérstaklega er bent að ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna er ekki hugsað sem tæki ríkjandi stjórnvalda til að ná fram tilteknum pólitískum markmiðum, heldur verður við beitingu ákvæðisins að gæta lögbundinna sjónarmiða, sbr. að framan.

Með vísan til framangreinds er því tekið undir þau sjónarmið þingsályktunartillögunnar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

Virðingarfyllt,

---

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri RARIK ohf.

Skrifstofa Alþingis  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/35*  
*komudagur 29.10.2009*

Reykjanesbæ,  
29 október 2009  
Tilvísun: 2007110237

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu. Þskj. 11 - 11. mál**

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 29. október 2009 var til afgreiðslu erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Umsögn Reykjanesbæjar er svohljóðandi:

Bæjarráð Reykjanesbæjar styður heilshugar framkomna tillögu til þingsályktunar um að umhverfisráðherra afturkalli þá ákvörðun að fela Skipulagsstofnun að úrskurða að nýju um hvort fram skuli fara sameiginlegt mat á Suðvesturlínu, tengdum virkjunum og öðrum framkvæmdum.

Suðvesturlínur eru mikilvæg tenging byggða á Suðurnesjum við raforkuflutningskerfi landsins m.a. vegna mikillar fjölgunar íbúa á undanförmum árum, aukinna umsvifa flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og tengdrar starfsemi auk þess sem línan er forsenda fjölmargra nýrra atvinnutækifæra sem unnið hefur verið að m.a. í Reykjanesbæ svo sem vegna álvers í Helgúvík, kísilvers í Helgúvík, gagnavers á Ásbrú svo eitthvað sé nefnt. Allt ofangreint eru tengdar framkvæmdir vegna línulagnarinnar og munu tengjast henni á einn eða annan hátt í framtíðinni.

Með úrskurði umhverfisráðuneytisins frá apríl s.l. var ákveðið að álversframkvæmdir í Helgúvík skyldu ekki fara í sameiginlegt mat með tengdum framkvæmdum s.s. Suðvesturlínum þrátt fyrir að línulögnin væri mikilvæg forsenda fyrir tilveru álversins. Það skýtur því skökku við nú ef Suðvesturlínur eiga að fara í sameiginlegt mat með verkefnum sem ekki eru á neinn hátt forsenda línulagnarinnar eða tengjast henni aðeins óbeint.

Bæjarráð telur að ákvörðun umhverfisráðherra sé allt í senn, óþörf, óæskileg og óeðlileg um leið og hún hefur mjög neikvæð áhrif á uppbyggingu atvinnutækifæra í Reykjanesbæ sem eru sérstaklega mikilvæg þegar atvinnuleysi er eins almennt og nú er.

Bæjarráð Reykjanesbæjar vísar til og tekur undir ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 17. október s.l. þar sem segir m.a.: "Aðalfundurinn kréfst þess að ríkisstjórnin afturkalli nú þegar ákvörðun umhverfisráðherra sem tefur vinnu við raforkulagnir um Suðurnes. Uppbygging atvinnulífsins á Suðurnesjum er háð límulögnum og öll lög á lagningu þeirra er atlaga að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu."

Ofangreint tilkynnist hér með

f.h. Reykjanesbæjar

*Elisabet Magnúsdóttir*

Elisabet Magnúsdóttir  
Ritari bæjarstjóra



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/89*  
*komudagur 10.11.2009*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. nóvember 2009

0910024SA KB/gk  
Málalykill: 180

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál**

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. þ.m. en með því var ofangreind þingsályktunartillaga send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Eftir að erindi umhverfisnefndar barst sambandinu til umsagnar kvað Skipulagsstofnun upp nýja ákvörðun í málinu, dags. 30. október. Þegar af þeirri ástæðu virðist ljóst að ekki er ástæða til þess að endurupptaka úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 28. september sl. Engu að síður telur lögfræðisvið sambandsins mikilvægt að úrskurður ráðuneytisins fái umfjöllun á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis, meðal annars með tilliti til þess hvort lög nr. 16/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu nægilega skýr varðandi beitingu 2. mgr. 5. gr. um sameiginlegt mat á tengdum framkvæmdum.

Í meðfylgjandi minnisblaði lögfræðisviðs er dregið verulega í efa að úrskurður umhverfisráðuneytis dags. 28. september 2009, byggist á rétttri lagatúlkun og lögmætum sjónarmiðum. Er meðal annars vísað til þess að umboðsmaður Alþingis hefur nýlega beint tilmælum til umhverfisráðuneytis þess efnis að úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum yrðu kveðnir upp innan lögmæltis afgreiðslufrests. Meginniðurstöður lögfræðisviðs eru eftirfarandi:

1. Skýra ber 2. mgr. 5. gr. laga nr. um mat á umhverfisáhrifum, þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggja með nægjanlega óyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um fyrirhugaðar matsskyldar framkvæmdir þannig að leggja megri raunhæft mat á hvort þær eru háðar hvor annarri og feli í sér sammögnunaráhrif.
2. Hvergi er að finna lagastoð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli bera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í frekari virkjanaf framkvæmdir og iðnaðaruppbyggingu en þegar hafa verið ákveðnar. Meginreglur stjórnvöldsréttar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja hins vegar þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að óvissa um hvort fleiri en ein matsskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd.
3. Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð.



Þar skiptir verulegu máli að um íþyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins. Hvorki heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, né 10. gr. stjórnsýslulaga, renna nægjanlegum stoðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins.


4. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kæranda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Heimvísun málsins var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
5. Sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið byggir úrskurðinn á virðist einnig til þess fallin að valda verulegri óvissu hjá framkvæmdaraðilum um það hvenær framkvæmdir eiga að fara í sameiginlegt umhverfismat skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Ástæða kann því að vera til þess að umrætt lagaákvæði verði tekið til endurskoðunar til að skýra betur tilgang þess og skilyrði fyrir beitingu þess gagnvart einstökum framkvæmdum.

Margt bendir því til þess að bæði málsmeðferð og niðurstaða ráðuneytisins stangist á við góða stjórnsýsluhætti. Að svo stöddu verður ályktun hins vegar ekki dregin um það hvort og þá með hvaða hætti dómstólar kunni að telja úrskurðinn vera ógildanlegan eða hvort hann geti bakað ríkinu skaðabótaábyrgð.

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að umhverfisnefnd Alþingis skoði hvort úrskurður umhverfisráðuneytisins geti leitt af sér réttaróvissu um það hvenær 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum verði beitt. Jafnframt telur sambandið mikilvægt að nefndin skoði hvort þær ströngu kröfur sem ráðuneytið gerir til Skipulagsstofnunar um rannsókn málsins leiði til þess að útilokað verði fyrir stofnunina að taka afstöðu til matskýrslna innan lögboðins frests.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri



# Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 6. nóvember 2009

Sendandi: Lögfræðisvið

Málsnr.: 0910024SA

Málalykill: 180

## Efni: Úrskurður umhverfisráðuneytis um Suðvesturlínu

Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. þ.m., en með því var tillaga til þingsályktunar send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Viðfangsefni minnisblaðsins er að greina þau lögfræðilegu atriði sem úrskurður umhverfisráðuneytis um Suðvesturlínu byggist á. Um þau atriði hefur nokkuð verið rætt frá því úrskurðurinn var kveðinn upp þann 28. september sl., en jafnframt er ljóst að úrskurðurinn snertir þjóðhagslega þætti á borð við stöðugleikasáttmála og atvinnuuppbyggingu. Ekki er á hinn bóginn tekin afstaða til þeirra þátta í þessu minnisblaði.

Að mati lögfræðisviðs vekur úrskurðurinn margvíslegar spurningar um efnistöð og málsmeðferð, þar á meðal um skýringu heimildarlaga, beitingu meðalhófsreglu, fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna, réttmætar væntingar málsaðila og samspil málshraðareglna við rannsóknarreglu stjórnvísulaga. Leitast verður við að svara þessum spurningum hér á eftir en í lok minnisblaðsins verða helstu atriði dregin saman ásamt ályktunum um lögmæti úrskurðarins.

Rétt er að taka fram að eftir að erindi umhverfisnefndar barst sambandinu til umsagnar tók Skipulagsstofnun nýja ákvörðun í málinu, dags. 30. október. Þegar af þeirri ástæðu virðist ljóst að ekki er ástæða til þess að endurupptaka úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 28. september sl. Engu að síður telur lögfræðisvið sambandsins mikilvægt að úrskurður ráðuneytisins fái umfjöllun á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis, meðal annars með tilliti til þess hvort lög nr. 16/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu nægilega skýr varðandi beitingu 2. mgr. 5. gr. um sameiginlegt mat á tengdum framkvæmdum.

### I. Hvernig ber að skýra 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum?

Lagaákvæðið sem liggur til grundvallar í málinu kemur fram í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eins og því var breytt með 5. gr. laga nr. 74/2005. Það hljóðar svo:

*Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.*

Skipulagsstofnun vísar til þess í hinni kærðu ákvörðun að tilvitnuð lagagrein hafi að geyma heimild, en ekki skyldu, til þess að fara tiltekna leið við mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin taldi þessa leið ófæra sökum þess að ekki lægi fyrir hvaða framkvæmdir kæmi til álita að meta sameiginlega í skilningi ákvæðisins.

Í umfjöllun ráðuneytisins er lögð til grundvallar sú skýring á umræddu ákvæði, að þar komi fram tiltekin skilyrði sem ganga verði úr skugga um hvort fullnægt sé áður en



afstaða er tekin til þess hvort heimildinni verði beitt. Þegar upplýsa eigi hvort umrædd skilyrði séu uppfyllt, sé það meginatriðið hvort og þá hvaða matsskyldar framkvæmdir það eru sem eru á sama svæði og hlutaðeigandi framkvæmd og / eða háðar henni. Leggur ráðuneytið upp með að í fyrirliggjandi tilviki þurfi að meta hvort einhverjar framkvæmdir séu „háðar“ Suðvesturlínum. Er í því sambandi vísað til orða í lögskýringargögnum þess efnis að tvær eða fleiri framkvæmdir hafi „sammögnunaráhrif“.

Gera verður athugasemd við þessa lögskýringu ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er sú framsetning villandi að umrætt ákvæði hafi að geyma skilyrði sem öll þurfi að vera til staðar til þess að beita megi ákvæðinu. Eins og Skipulagsstofnun gengur réttilega út frá er um að ræða heimildarákvæði sem hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið að beita á grundvelli forsvaranlegs mats.

Í öðru lagi vísar ráðuneytið sér hjá því að greina forsendur, sem telja verður að liggi – eðli málsins samkvæmt – til grundvallar ákvæðinu og Skipulagsstofnun byggir úrlausn sína á. Þar er átt við þau atriði að um sé að ræða tilteknar tengdar framkvæmdir. Hér er um skýrleikakröfu að ræða sem telja verður að leiði með beinum hætti af markmiði laganna. Tilvísun í lögskýringargögnum til sammögnunaráhrifa dregur ekki úr vægi þessarar kröfu, nema síður sé. Þá er einnig vert að hafa í huga að sé vikið frá þessari skýrleikakröfu býður það upp á ófyrirsjáanleg vandkvæði í framkvæmd, m.a. þegar taka þarf afstöðu til þess hverja mál varðar.

Að teknu tilliti til þessa verður að telja lögskýringu Skipulagsstofnunar vera mun áreiðanlegri en sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið beitir. Í samræmi við það verður að ganga út frá því að skýra beri 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggi með nægjanlega óyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um tengdar framkvæmdir þannig að leggja megi raunhæft mat á sammögnunaráhrif þeirra.

## **II. Hver á að bera hallann af óvissu um hvort ráðist verði í tengdar framkvæmdir?**

Í niðurlagi forsendna fyrir úrskurði ráðuneytisins er vísað til þess, að fram komi hjá framkvæmdaraðila að ekki verði farið í lagningu Suðvesturlínu nema að því marki sem þörf krefur m.a. vegna virkjanaframkvæmda og iðnaðaruppbyggingar. Er ljóst að niðurstaða ráðuneytisins um að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar er öðrum þræði byggð á því að þessi afstaða framkvæmdaraðila feli í sér að hann eigi að bera hallann af óvissu um hvort ráðist verði í tengdar framkvæmdir.

Hvergi er að finna lagastoð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli bera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í framkvæmdir. Meginreglur stjórnsýsluréttar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja á hinn bóginn þá niðurstöðu að óvissa um hvort fleiri en ein matskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar var sérstaklega fjallað um meðalhófsreglu, auk þess sem stofnunin vísar sérstaklega til þess að staða framkvæmda á Reykjanesi sé afar ólík því sem hafi verið með stöðu framkvæmda tengdum álveri á Bakka. Er ekki annað að sjá en að ákvörðunin hafi að þessu leyti til verið tekin í fullu samræmi við lögmetis- og réttmætisreglur íslensks réttar og byggst á því að greina hvaða málefnalegt og lögmett sjónarmið eigi að hafa mest vægi við úrlausn málsins.

Úrskurður ráðuneytisins byggist hins vegar ekki á neinni slíkri greiningu auk þess sem umfjöllun hans um vægi meðalhófsreglu er fremur yfirborðskennd og einhliða. Að teknu tilliti til þess verður að telja úrskurð ráðuneytisins ófullkominn og forsendur hans



og niðurstaða svari illa þeim kröfum sem gera verður til úrskurða í kærumálum samkvæmt stjórnýslulögum.

### III. Hvað felst í því að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið felld úr gildi?

Það felst í forsendum og niðurstöðu ráðuneytisins að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið haldin verulegum annmarka og að annmarkinn hafi verið til þess fallinn að hafa veruleg áhrif á efni ákvörðunar.

Eins og rakið er hér að framan orka forsendur ráðuneytisins mjög tvímælis hvað þetta varðar. Þvert á móti verður að telja að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið tekin á réttum lagagrundvelli, með áreiðanlegri lögskýringu og greiningu á því hvaða málefnaleg og lögmæt sjónarmið eigi að hafa mest vægi við úrlausn málsins.

Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þannig hafði þegar verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð. Hér skiptir verulegu máli að um íþyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins.

Hvernig sem á málið er litið verður ekki séð hvernig heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, eða 10. gr. stjórnýslulaga, eigi að geta rennt nægjanlegum stöðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins um að fella ákvörðun Skipulagsstofnunar úr gildi. Bent er einnig á að úrskurðurinn verður ekki rökstuddur með skírskotun til almennra fyrirmæla í varúðarreglum umhverfisréttar, enda eiga þær reglur samkvæmt efni sínu ekki við í málinu né heldur er vísað til þeirra reglna í úrskurðinum.

### IV. Hvað felst í ráðagerð 2. mgr. 5. gr. um samráð?

Niðurstaða umhverfisráðuneytisins byggir öðrum þræði á því að tilvitnuð lagagrein mæli fyrir um samráðsskyldu og að skortur á því að viðhafa fullnægjandi samráð sé, ásamt öðru, verulegur annmarki á ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Þessi rökstuðningur ráðuneytisins er nokkuð málum blandinn. Í fyrsta lagi verður ekki séð að orðalag greinarinnar eða almenn framkvæmd á hliðstæðum ákvæðum gefi færi á þeim kröfum til samráðs sem ráðuneytið gerir. Í úrskurðinum er greint frá því hvernig Skipulagsstofnun taldi rétt að standa að samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur og verður að telja að sú nálgun sé í fullu samræmi við það sem almennt er viðtekið í stjórnýslurétti um fyrirkomulag álitsumleitunar.

Í öðru lagi liggur fyrir að það var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við meintum skorti á samráði með því að bæta úr því á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kæranda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Hér er vísað til þeirrar meginreglu að æðra stjórnvald fari með allar sömu heimildir og lægra sett stjórnvald og geti endurskoðað alla þætti í hinni kærðu ákvörðun. Engin raunveruleg þörf var þess vegna á því að heimvísa máli og allra síst þegar það var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. hér á eftir.

### V. Hvernig var gætt að málshraða?

Málshraðareglur koma sérstaklega til skoðunar í málinu, og með tvennum hætti. Annars vegar með því að fyrir hendi eru ítarlegar reglur um málshraða Skipulagsstofnunar í IV.





kafla laga um mat á umhverfisáhrifum auk sérstakrar málshraðareglu á kærustigi í 4. mgr. 14. gr. sömu laga, og hins vegar með því að málshraðareglur setja rannsókn máls ákveðin takmörk.

Hvað fyrrnefnda atriðið varðar er ljóst að þegar umhverfisráðuneytið kvað upp úrskurð sinn þann 28. september s.l. voru liðnir meira en fimm mánuðir frá því að lögbundinn kærufrestur rann út. Ráðuneytið fór því verulega umfram þann tveggja mánaða afgreiðslutíma sem mælt er fyrir um í fyrrgreindri 4. mgr. 14. gr., og ekki verður séð að fyrir mæla 3. mgr. 9. gr. stjórnssýslulaga hafi verið gætt. Reglur um málshraða voru því ekki virtar af hálfu umhverfisráðuneytis.

Hvað síðarnefnda atriðið varðar þá hefur það verulega þýðingu í málinu að greina hvernig málshraðareglur spila saman við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnssýslulaga, enda byggist úrskurður ráðuneytisins einkum á beitingu þess ákvæðis. Hér er vert að vísa til nýlegs álits umboðsmanns Alþingis, sem varðar afgreiðslutíma umhverfisráðuneytisins á stjórnssýslukærum vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Ályktanir umboðsmanns í þessu áliti (mál nr. 5376/2008, álit dags. 29. desember 2008) hafa því verulegt gildi.

Í stuttu máli er það niðurstaða umboðsmanns að þegar löggjafinn hafi bundið fresti til afgreiðslu mála í lög beri stjórnvöldum að haga meðferð mála þannig að lögmæltir frestir til afgreiðslu þeirra væru haldnir. Þá taldi umboðsmaður:

„... að málshraðareglur settu rannsókn máls ákveðin takmörk. Hefði 10. gr. stjórnssýslulaga því verið skýrð þannig að stjórnvald þyrfti að afla þeirra upplýsinga sem væru nauðsynlegar til þess að hægt væri að taka efnislega rétta ákvörðun í máli. Bæri því að forðast að draga mál á langinn með því að afla umsagna og gagna sem lítil þörf væri á en eftir því sem umsagnaraðilar væru fleiri ykjast líkur á því að meðferð málsins yrði umfangsmeiri og tímafrekari. Þegar líkur væru á að svo yrði væri sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld legðu mat á það hverju sinni hvort þörf væri fyrir umsögn, væri ekki lögbundið að leita hennar. Við það mat bæri stjórnvaldi, auk rannsóknarreglu 10. gr. stjórnssýslulaga, að hafa í huga lögbundnar málshraðareglur og þá hagsmuni sem aðilar máls hefðu almennt af því að afgreiðsla máls dragist ekki um of.“

EKKI verður betur séð en að þessi atriði eigi beina skírskotun til úrskurðar umhverfisráðuneytisins um Suðvesturlínur, sem eins og áður segir byggist einkum á beitingu 10. gr. stjórnssýslulaga. Í úrskurðinum er hins vegar engin tilraun gerð til þess að leggja mat á það að hvaða marki málshraðareglur takmörkuðu rannsókn málsins og hvaða hagsmuni aðilar málsins hefðu af því að afgreiðsla þess drægist ekki.

Að teknu tilliti til þess verður að líta svo á að ýmislegt bendi til þess að bæði undirbúningur og réttaráhrif úrskurðarins stangist á við góða stjórnssýsluhætti og feli í sér tafir að ástæðulausu. Vert er að benda á að fordæmi eru fyrir því í dönskum rétti að stjórnvald sé skaðabótaskyldt verði það uppvíst að því að tefja mál að ástæðulausu.

#### Samantekt:

1. Skýra ber 2. mgr. 5. gr. laga nr. um mat á umhverfisáhrifum, þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggi með nægjanlega óbyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um fyrirhugaðar matsskyldar framkvæmdir þannig að leggja megj raunhæft mat á hvort þær eru háðar hvor annarri og feli í sér sammögnunaráhrif.
2. Hvergi er að finna lagastoð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli bera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í



frekari virkjanaf framkvæmdir og iðnaðaruppbyggingu en þegar hafa verið ákveðnar. Meginreglur stjórnsluréttar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja hins vegar þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að óvissa um hvort fleiri en ein matsskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd. Ákvörðun Skipulagsstofnunar virðist að þessu leyti hafa verið tekin í fullu samræmi við lögmetis- og réttmetisreglur íslensks réttar.

3. Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð. Þar skiptir verulegu máli að um íþyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins. Hvorki heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, né 10. gr. stjórnslulaga, renna nægjanlegum stöðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins. Þá eru almennar varúðarreglur umhverfisréttar ekki þess efnis að þær eigi við í málinu, enda ekki vísað til þeirra í úrskurði ráðuneytisins.
4. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Það samrýmist hins vegar illa úrskurðarhlutverki ráðuneytisins og meginreglum stjórnsluréttar að heimvísa máli til þess að fullnægja samráðsskyldu. Heimvísun máls var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
5. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kæranda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Heimvísun málsins var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
6. Sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið byggir úrskurðinn á virðist einnig til þess fallin að valda verulegri óvissu hjá framkvæmdaraðilum um það hvenær framkvæmdir eiga að fara í sameiginlegt umhverfismat skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Ástæða kann því að vera til þess að umrætt lagaákvæði verði tekið til endurskoðunar til að skýra betur tilgang þess og skilyrði fyrir beitingu þess gagnvart einstökum framkvæmdum.

Margt bendir því til þess að bæði málsmeðferð og niðurstaða ráðuneytisins stangist á við góða stjórnsluhætti. Að svo stöddu verður ályktun hins vegar ekki dregin um það hvort og þá með hvaða hætti dómstólar kunni að telja úrskurðinn vera ógildanlegan eða hvort hann geti bakað ríkinu skaðabótaábyrgð.



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. B 138/34  
komudagur 28.10.2009

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

28. október 2009

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál**

Tillagan er svohljóðandi:

*Alþingi ályktar að skora á umhverfisráðherra að afturkalla þá ákvörðun að fella Skipulagsstofnun að úrskurða að nýju um hvort fram skuli fara sameiginlegt mat á Suðvesturlínu, tengdum virkjunum og öðrum framkvæmdum.*

Föstudaginn 2. október sl. samþykkti stjórn Samorku eftirfarandi ályktun um framangreindan úrskurð umhverfisráðherra:

**Óboðlegt starfsumhverfi - Samorka mótmælir úrskurði umhverfisráðherra**  
*Stjórn Samorku mótmælir harðlega úrskurði umhverfisráðherra um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar, um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Suðvesturlínur, styrkingu raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi og öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík. Skorar stjórn samtakanna á ráðherra að draga úrskurðinn til baka nú þegar, en ella mun hann teyja framkvæmdir um ófyrirséðan tíma auk þess að valda ómældum viðbótarkostnaði. Fram hefur komið að úrskurður ráðherra hefur að engu lögbundin tímamörk og gengur að auki gegn fyrri úrskurði umhverfisráðherra frá apríl 2008. Úrskurðurinn nú er því dæmi um afleita stjórnsýslu og algert virðingarleysi við lög í landinu. Slikt starfsumhverfi er engum fyrirtækjum boðlegt.*

*Minnt er á að allar umræddar framkvæmdir fara að sjálfsögðu í umhverfismat en hugsanleg ákvörðun um sameiginlegt umhverfismat byggir á heimildarákvæði í lögum og slíka ákvörðun ber að taka að höfðu samráði við framkvæmdaraðila. Ekkert slíkt samráð hefur átt sér stað. Engin leið er að úrskurða heildstætt um hvaða framkvæmdir tengjast með þessum hætti en þær sem vísað er til eru mjög mislangt á veg komnar. Bent er á að umræddar flutningslínur munu geta flutt raforku til hvers kyns nýrrar iðnaðarstarfsemi á Suðurnesjum og frá hvaða virkjun sem er í landinu, þar með taldar nýjar virkjanir sem reistar kunna að verða í framtíðinni, þess vegna hinum megin á landinu. Vandséð er hvernig á að vera hægt að framkvæma sameiginlegt umhverfismat þar sem hugsað er fyrir öllum slíkum tengingum.*



Í ályktun stjórnar var raunar jafnframt lýst verulegum áhyggjum af boðuðum umhverfis-, auðlinda- og orkusköttum, en hér verður ekki farið nánar út í þá sálma.

Það kemur hins vegar varla á óvart að Samorka styður eindregið að þingsályktunartillagan verði samþykkt og lýsa samtökin enn fremur þeirri ósk sinni að tillagan fái skjóta afgreiðslu í umhverfisnefnd.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/88  
komudagur 10. 11. 2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 09.11.2009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.**

Samtök atvinnulífsins styðja eindregið að þingsályktunartillagan verði samþykkt sem allra fyrst. Jafnframt er tekið heils hugar undir efni greinargerðarinnar.

Þrátt fyrir að úrskurður Skipulagsstofnunar hafi nú gengið í sömu átt og sá fyrri er afar mikilvægt að ákvörðun ráðherra frá því í lok september verði afturkölluð enda féllu þá úr gildi frestir til að kæra hinn síðari úrskurð Skipulagsstofnunar og ekki þyrfti að biða nýrrar ákvörðunar ráðherra.

Virðingarfyllst,

Pétur Reimarsson

Alþingi  
Erindi nr. P 138/51  
komudagur 3.11.2009



2009010025  
9140; 9004

Alþingi  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. nóvember 2009

/--

**Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomna tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.**

Vísað er til tölvupósterindis, dags. 22. okt. sl., þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um framkomna tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál. Þann 30. okt. sl. tók Skipulagsstofnun að nýju ákvörðun um að ekki skyldi meta umhverfisáhrif framkvæmdarinnar Suðvesturlínur sameiginlega með umhverfisáhrifum annarra framkvæmda og telur í því ljósi ekki nauðsynlegt að koma með sérstaka umsögn um umrædda tillögu til þingsályktunar.

Ákvörðunina má finna á heimasíðu stofnunarinnar, [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

  
Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10,

150 Reykjavík.

Skeiða- og Gnúpverjahreppi 5. nóvember 2009.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu.

Samtökin telja ekki forsvarnanlegt að stefna vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar í hættu með lagningu Suðvesturlínu og að teknar verði heilstæðar ákvarðanir í málinu.

Sól á Suðurlandi leggur áherslu á að við umfjöllun á umræddir tillögu verði viðhöfð góð vinnubrögð og stjórnsýsla.

Samtökin treysta því að farið verði eftir þeim reglum sem Ísland er bundið af. Má þar nefna Ríó-yfirlýsinguna og meginreglur umhverfisréttar, sem stuðla eiga að sjálfbærri þróun. Þar ber hæst m eginreglan um fyrirbyggjandi aðgerðir sem er forsenda og réttlæting varúðarreglunnar um að náttúran njóti vafans, mengunarbótareglan og nytjagreiðslureglan. Einnig rammásamning um loftslagsbreytingar, samning um verndun líffræðilegar fjölbreytni og samning um varnir gegn myndum eyðimarka.

Virðingarfyllst,

f.h. Sólar á Suðurlandi

---

Guðfinnur Jakobsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/147  
komudagur 17.11.2009



Sveitarfélagið  
Vogar

Umhverfisnefnd Alþingis

150 Reykjavík

Vogum, 10. nóvember 2009  
0906004

### Suðvesturlínur.

Tekin var fyrir á fundi bæjarráðs þann 05. nóv. síðastliðinn, þingsályktunartillaga um aftuköllum á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu 11. mál, dags. 22.10.09. og fékk eftirfarandi afgreiðslu.

**“Bæjarráð telur málið komið í eðlilegan farveg og væntir niðurstöðu sem fyrst.”**

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Róbert Ragnarsson, Bæjarsjóri

